

AÐALFUNDUR

Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

Priðjudaginn 26.apríl 2022 kl. 18:30

Grand Hótel Reykjavík

1. Fundur settur kl. 18:30 af formanni félagsins Sigurbjörgu Söndru Súsönnudóttur Forberg. Hún minnst andlát tveggja félagskvenna nýverið, þeirra Svanhvítar Harðardóttur og Hjördísar Björnsdóttur.

Formaður skipaði Kristínu Hraundal (KH) sem fundarstjóra og hún tók við fundinum og bauð félagskonum velkomnar. Matur borin fram sem var smjörsteikt langa.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.

3. Skýrsla formanns fyrir 2021 flutt.

4. Reikningar félagsins fyrir 2021 lagðir fram og voru þeir samþykktir af fundinum.

5. Umræður. Engar umræður varðandi reikninga né skýrslu formanns.

6. Lagabreytingar. Engar tillögur að lagabreytingum.

7. Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns. Bára Berg og Margrét Lukka hafa nú setið í tvö ár og þeirra tímabil því á enda. Þær bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Engin framboð til stjórnarsetu bárust og því eru þær endurkjörnar. Hrefna Kristín Þorbjörnsdóttir býður sig ekki fram til áframhaldandi setu sem varamaður í stjórn en það gerir Magga Lena Kristinsdóttir. Hún er því kjörin varamaður í stjórn til næstu tveggja ára.

8. Ákvörðun um félagsgjald. Félagsgjöld eru 1% af heildarlaunum og fundurinn samþykkir að hafa það áfram. Spurt er í salnum (Gígja Tryggvadóttir) hvort það sé eins í öðrum félögum. KH upplýsir um að félagar í VR borgi 0.7% í félagsgjöld en svo er innheimt aukalega í endurmenntunarsjóð. Í okkar félagi rennur 0.25% af þessu 1% beint í endurmenntunarsjóð.

9. Þóknun stjórnarkvenna. Er nú kr.15.000 per fund, kr. 20.000 fyrir ritara. Helst óbreytt. Þessu var breytt á aðalfundi í ágúst 2020.

10. Kosning í trúnaðarmannráð og skoðunarnefnd. Trúnaðarmannaráð skipa: Auður Gunnlaugsdóttir, Ingibjörg Aradóttir, Svanhildur Garðarsdóttir og Gígja Tryggvadóttir. Ingibjörg, Svanhildur og Gígja gefa kost á sér áfram (Auður er fjarverandi) Hrefna Kristín Þorbjörnsdóttir spyr hvað felst í því að sitja í trúnaðarmannaráði. KH útskýrir að ef félagsmaður lendir í vandræðum sem hann telur sig ekki geta rætt við skrifstofustjóra né stjórnarmenn þá er hægt að tala við einhvern í trúnaðarmannaráði. Hrefna býður sig fram og bætist við í trúnaðarmannaráði ásamt Jóhönnu Edith Edwindsdóttur sem einnig bauð sig fram.

Skoðunarnefnd skipa: Sólveig Sigurðardóttir, Dagbjört Steingrímsdóttir og Auður Eygló Kjartansdóttir. Dagbjört er hætt að vinna og Auður býður sig ekki fram til áframhaldandi setu. Eftir útskýringar Sólveigar á því hvað felst í starfinu bjóða þær sig fram þær Lilja Tómasdóttir og Ingibjörg Aradóttir.

11. Önnur mál. Kaka, te og kaffi borið fram.

- Sandra formaður upplýsir fundin um að bústaðurinn í Húsafelli þurfi málningu að utan og hugsanlega þakið líka. Málari hafi skotið á að það muni kosta um 4 milljónir að mála hann. Smiðir sem hún hafi rætt við mæla hins vegar með að láta báru járnslæða hann frekar þar sem það yrði